

# Fundargerð 83. fundar

## verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2023, mánudaginn 6. mars kl. 09:30 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Steinþór Þórðarson, Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Stefán Aspar Stefánsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri og Flosi Hrafn Sigurðsson lögfræðingur.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð síðasta fundar - 2210013SA**

Fundargerð 82. fundar lögð fram. Ekki komu fram athugasemdar við fundargerðina.

**2. Innleiðing löggjafar um hringrásarhagkerfi - 2112034SA**

Sveitarfélög eru öll að vinna að innleiðingu nýju laganna með einu eða öðru móti. Upp hafa komið spurningar er varða útfærslur á sérstakri söfnun lífúrgangs m.t.t. möguleika á heimajarðgerð. Einnig hefur nokkur umræða orðið um forsendur sem regluverk byggingar- og skipulagsmála setur ýmsum ákvæðum laganna.

Flosi Hrafn Sigurðsson lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins fór yfir efni minnisblaða sem lögfræði- og velferðarsviði sambandsins hefur tekið saman um þessi mál, annars vegar um heimajarðgerð og hins vegar um sérstaka söfnun innan lóðar. Varðandi heimajarðgerð er niðurstaða skýr um að sveitarfélög geti ákveðið í samþykkt um meðhöndlun úrgangs að íbúum og/eða lögaðilum sé heimilt að nýta heimajarðgerð í stað þess að sveitarfélagið safni lífúrgangi. Íbúar og lögaðilar geti hinsvegar ekki einhliða hafnað þjónustu um sérstaka söfnun á lífúrgangi ef sveitarfélag ákveður að fara þá leið. Framkvæmdin á án efa eftir að slípast til hvað þetta varðar við innleiðingu laganna og verður leiðbeiningaefni sambandsins uppfært að höfðu samráði við Umhverfisstofnun um efni minnisblaðsins.

Varðandi sérstaka söfnun innan lóðar er í minnisblaði sambandsins vakin athygli á ákvæðum byggingarreglugerðar og skipulagsreglugerðar um sorpgeymslur, sorpgerði og sorpskýli. Engin ákvæði eru hins vegar um djúpgáma í byggingarreglugerð. Ósamræmi er á milli tiltekinna reglugerðarákvæða og ákvæða úrgangslaga og er niðurstaða í minnisblaðinu

að þörf sé á samtali við hlutaðeigandi ráðuneyti um betra samræmi í löggjöf. Gefa ætti út betri leiðbeiningar til sveitarfélaga um þetta efni.

*Verkefnisstjórn þakkar fyrir greinargóð minnisblöð um ofangreind álitaeefni. Verkefnisstjórn leggur áherslu á að komið verði á samtali við innviðaráðuneyti, umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti og félagsmálaráðherra ásamt Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Umhverfisstofnun varðandi samræmingu reglugerða. Markmið verði að reglugerðir stuðli að skilvirku og hagkvæmu fyrirkomulagi við söfnun og meðhöndlun úrgangs, ásamt því að vinnuverndarsjónarmið verði í forgrunni.*

### **3. Reglugerð um meðhöndlun úrgangs - 2211036SA**

Drög að nýrri reglugerð um meðhöndlun úrgangs voru birt í Samráðsgátt stjórnvalda þann 8. desember sl. og gerði sambandið umsögn um drögin. Vinna við reglugerðina stendur enn yfir en í fundargátt eru drög sem bárust frá ráðuneytinu 2. mars og eru til frekari umfjöllunar á fundum með ráðuneytinu.

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs og verkefnisstjóri sögðu frá stöðu málsins og gerðu grein fyrir helstu breytingum sem gerðar hafa verið á drögunum frá því að reglugerðin var birt í samráðsgátt í lok nóvember 2022 og einnig hvaða ákvæði væri ætlunin að fara frekar yfir í samtali við ráðuneytið.

### **4. Málafni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2009107SA**

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs gerði grein fyrir umfjöllun á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 28. febrúar sl. um samstarfsyfirlýsingu um söfnun og meðhöndlun veiðarfæraúrgangs. Stjórnin gerir ekki athugasemd við efni samstarfsyfirlýsingarinnar en telur mikilvægt að inn í samning milli Úrvinnslusjóðs og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi komi ákvæði um endurskoðun eða uppsögn samningsins. Fram kom að undirritun samstarfsyfirlýsingar hefur verið frestað tvívegis en vonast er til að niðurstaða fái í málið á næstu dögum.

Rætt var um greiðslupátttöku Úrvinnslusjóðs í kostnaði sveitarfélaga en hún er enn nokkuð óljós. Samkvæmt nýlegum breytingum á lögum um úrvinnslugjald greiðir sjóðurinn sveitarfélögum fyrir sérstaka söfnun m.a. á pappír og pappa, plasti, málmum og gleri og fleiri úrgangsflokkum sem innibera vörur og umbúðir sem bera úrvinnslugjald. Sjóðurinn mun greiða til sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar á þriggja mánaða fresti og munu greiðslurnar byggja á upplýsingum sem verktakar sem sjá söfnunina skila til sjóðsins.

### **5. Tvö ný sniðmát fyrir útboð - 2112034SA**

Átakið Samtaka um hringrásarhagkerfi, sem sambandið stendur að með stuðningi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, heldur áfram 2023. Í innkaupahluta átaksins hefur verið unnið að gerð sniðmáta fyrir innkaup sveitarfélaga fyrir úrgangspjónustu. Gefið hefur verið út sniðmát fyrir sveitarfélög vegna útboðs fyrir sérstaka söfnun við heimili og rekstur

grenndarstöðva. Unnin hafa verið drög að sniðmátum fyrir útboð á rekstri söfnunarstöðva annarsvegar og meðhöndlun endurvinnsluefna og spilliefna hinsvegar. Markmið þessarar vinnu eru nokkur, meðal annars að tryggja að sveitarfélög uppfylli lagaskyldur, að kostnaðarmyndun sé skýr og gögn séu áreiðanleg og sannreynanleg, t.d. hvað varðar magn og ráðstöfun úrgangs og losun íláta. Einnig að sveitarfélög séu upplýst um tekjustreymi frá Úrvinnslusjóði vegna úrgangs sem fellur til á þeirra svæði og geti ákveðið að gerast sjálf þjónustuaðili Úrvinnslusjóðs eða ráðstafa úrgangi annað en til verktaka sem sér um hirðu og losun íláta. Markmið vinnunnar er jafnframt að sveitarfélög geti auðveldlega staðið saman að útboði og að góð þjónusta við almenning og fyrirtæki sé tryggð.

Bryndís Skúladóttir sérfræðingur ráðgjafafyrirtækisins VSÓ ehf. kom á fundinn og gerði grein fyrir vinnunni en lokadrög eru í yfirllestri áður en þau fara í frekara samráðsferli.

*Verkefnisstjórn lýsir ánægju með þær áherslur sem fram komu í kynningu Bryndísar og leggur áherslu á að sveitarstjórnir nýti þau verkfæri sem verða afurðir verkefnisins til að tryggja sína hagsmuni í innkaupum og samskiptum við verktaka.*

#### **6. Minnisblað um meðhöndlun dýraleifa - 2112034SA**

Í tengslum við vinnu að svæðisáætlanahluta átaksins Samtaka um hringrásarhagkerfi kom í ljós að kanna þurfti betur umgjörð meðhöndlunar á dýraleifum. Stefán Gíslason umhverfisstjórnunarfræðingur og framkvæmdarstjóri Environice ehf. kom á fundinn og kynnti meginatriði minnisblaðs sem hann er að vinna að að beiðni sambandsins og Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Í því er leitast við að varpa upp mögulegum sviðsmyndum um hvernig unnt verði að tryggja viðeigandi meðhöndlun dýraleifa, þar sem m.a. er horft til fyrirkomulags á hinum Norðurlöndunum og þeirra innviða sem eru til staðar hér á landi í dag.

*Verkefnisstjórn þakkar Stefáni fyrir greinargóða kynningu og telur mikilvægt að sú greining og sýn á viðfangsefnið sem þar kemur fram fái vandaða rýni og kynningu af hálfu allra sem málið varðar. Verkefnisstjórn telur greininguna undirstrika að hér er um að ræða sérhæfðan úrgang sem almennt ætti ekki að vera á ábyrgð sveitarfélaga. Þótt sveitarfélögin geti átt aðkomu að því að finna viðeigandi lausnir beri þeim því engin skylda til að niðurgreiða meðhöndlunarkostnað.*

#### **7. Breytt innheimta sveitarfélaga - 2109026SA**

Frá síðustu áramótum er gerð sú krafa til sveitarfélaga að breyta innheimtu fyrir meðhöndlun úrgangs í anda mengunarbótareglu og innleiða svokallað Borgað þegar hent er (BPHE) kerfi. Sambandið hefur hleypt af stokkunum ýmsum stuðningsverkefnum með aðstoð umhverfis-, orku- og loftslagsráðuenytisins. Sambandið hefur unnið flest þau verkefni í samstarfi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

*Málinu var frestað.*

**8. Önnur mál - 2009111SA**

Upplýst var um að vör ráðstefna Fagráðs um endurnýtingu og úrgang (FENÚR) fer fram þann 30. mars nk. undir formerkjunum „Byggjum upp hringrásarhagkerfi“. Sambandið mun auglýsa ráðstefnuna eftir sínum leiðum.

Næsti fundur verkefnisstjórnar 20. mars kl. 9 og varður það fjarfundur.

Fundi var slitið kl. 11:00

---

Jón Viggó Gunnarsson

---

Steinþór Þórðarson

---

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

---

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

---

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

---

Stefán Aspar Stefánsson